

Mál nr. 351/2016

**M og
vátryggingafélagið V v/ábyrgðartryggingar B, hjúkrunarheimilis.**

Vinnuslys 1. apríl 2013.

Gögn.

14.Málskot, mótttekið 26.10.2016, ásamt fylgigögnum.

15.Bréf V, dags. 25.11.2016, ásamt gögnum.

16.Tölvupóstur M, dags. 28.11.2016

Málsatvik.

M, sem er sjúkraliði á hjúkrunarheimilinu B, slasaðist þegar stóll sem hún settist í gaf sig á límingunum og hún féll í gólfið.

M telur að B beri skaðabótaábyrgð á atvikinu þar sem B bæri ábyrgð á því að húsgögn og aðrir munir sem notaðir væru við starfið væru í lagi og nægilega traustir til að starfsmenn gætu notað þá við vinnu sína. Sú skylda hvíli á B að tryggja góðan aðbúnað og öruggt starfsumhverfi á vinnustaðnum. Samkvæmt upplýsingum M og annarra starfsmanna B hafi áður orðið slys vegna sams konar stóls. Vistmaður hafi m.a. nokkrum mánuðum áður lent í sambærilegu atviki. Starfsmenn B hafi vitað, m.a. í kjölfar framangreinds atviks, að umræddir stólar hafi verið ótryggir. Það sjáist af því að stólarnir voru reglulega yfirfarnir og lagfærðir eftir þörfum. B hafi því borið að taka stólana úr umferð og sjá þar með til þess að stólar á heimilinu væru öryggir. B beri því skaðabótaábyrgð á tjóni M og tjónið sé því bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu sem B var með hjá V.

V hafnaði bótaskyldu á þeirri forsendu að B hafi ekki vitað um ástand stólsins áður en atvikið átti sér stað. Stólarnir hafi verið yfirfarnir reglulega og lagfærðir eftir þörfum þar sem oft væri mikið álag á stólunum. Ekkert hafi bent til þess að umræddur stóll væri orðinn lélegur áður en slysið gerðist eða að slysaætta væri af honum. Slysið megi því ekki rekja til atvika sem B beri skaðabótaábyrgð á. Jafnframt var því hafnað að sambærilegt slys hafi átt sér stað hjá B.

Álit.

Forsenda bótaskyldu í máli þessu er að B hafi með saknæmri háttsemi valdið því að M hafi slasast. Ósannað er að B hafi vitað af því að stóllinn hafi verið óöruggur. Þá er spurning hvort stólarnir hafi verið orðnir svo lélegir að óforsvaranlegt hafi verið að hafa þá í notkun. B yfirfór stólana reglulega og lagfærði eftir þörfum og því var ljóst að B gat ekki treyst ástandi þeirra fullkomlega. Hins vegar hefur ekki verið sýnt fram á að ástand þeirra hafi verið orðið svo lélegt að B hafi borið að taka þá úr umferð eða að þessir tilteknu stólar hafi ekki verið gerðir til almennrar notkunar á hjúkrunarheimilum. B telst hafa gert það sem í hans valdi stóð til að tryggja öryggi starfsmanna með því að yfirfara stólana reglulega og hefur því ekki sýnt af sér saknæma vanrækslu í máli.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu B hjá V.

Reykjavík, 17. janúar 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Sigurður Óli Kolbeinsson hdl.

Jón Magnússon hrl.